

## DÓMUR

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 12. desember 2007 í máli nr. E-3998/2006:

**Björn Ófeigsson**

*(Stefán Geir Þórisson hrl.)*

gegn

**Impact Underwriting Limited**

*(Erla S. Árnadóttir hrl.)*

### I

Mál þetta, sem dómtekið var 27. nóvember 2007, var höfðað 23. maí 2006. Stefnandi er Björn Ófeigsson, Grundarhúsum 8, Reykjavík, en stefndi er Impact Underwriting Limited, London, Englandi.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 20.150.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 28. mars 2006 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 16.370.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 28. mars 2006 til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Við aðalmeðferð málsins óskaði stefnandi þess að varakrafan yrði leiðrétt þar sem rétt fjárhæð hennar, miðað við forsendur útreiknings kröfunnar, væri 17.000.000 króna í stað 16.370.000 króna. Væri um mistök að ræða og taldi stefnandi að leiðrétting þessi rúmaðist innan aðalkröfunnar. Stefndi mótmælti þessari leiðréttingu á þeim forsendum að hún væri of seint fram komin.

## II

Samkvæmt gögnum málsins er Creechurch Underwriting Limited í London einn af þeim aðilum sem hafa leyfi á Lloyd's váttryggingamarkaðnum í London til að takast á hendur váttryggingaráhættu á markaðnum fyrir tilstilli Syndicate 1607. Á árinu 1999 stofnaði Syndicate 1607 stefnda sem hefur umboð til að skuldbinda Syndicate 1607 við sölu váttrygginga. Fyrir milligöngu miðlarans JLT undirritaði stefndi hinn 8. nóvember 2001 samning við Ísvá ehf. þar sem stefndi veitti Ísvá ehf. umboð til sölu persónutrygginga á Íslandi. Var samningurinn undirritaður af hálfu Ísvár ehf. hinn 15. nóvember 2001. Í skjölum málsins er Ísvá ýmist tilgreint sem hf. (hlutafélag) eða ehf. (einkahlutafélag) og verður hér að neðan vísað til félagsins sem Ísvá án frekari tilgreiningar um félagsform. Syndicate 1607 var ábyrgt fyrir kröfum í váttryggingar sem stofnuðust á grundvelli þessa samnings en hlutverk JLT var meðal annars að taka við iðgjöldum frá Ísvá og greiða þau áfram til stefnda auk þess sem JLT sá um að innheimta kröfur hjá Syndicate 1607. Í 4. gr. samningsins milli stefnda og Ísvár kemur fram að samningurinn gildi frá 1. september 2001 til 31. ágúst 2002. Hinn 22. júlí 2002 var gildistími samningsins framlengdur um mánuð eða til 30. september 2002. Með bréfi 30. ágúst 2002 sagði JLT samningnum upp fyrir hönd stefnda og miðaðist uppsögnin við 30. september 2002.

Stefnandi starfaði sem sölumaður váttrygginga hjá Ísvá frá árinu 2000 og fram í ágúst 2002. Má af gögnum ráða að stefnandi hafi starfað sem verktaki en af málatilbúnaði hans má ráða að hann hafi litið svo á að hann væri starfsmaður félagsins. Kveðst hann hafa fengið tilboð hinn 10. júlí 2001 um að kaupa svokallaða JLT-sjúkratryggingu á sérkjörum fyrir starfsmenn Ísvár og hafi hann ákveðið að taka því tilboði. Hafi iðgjöld fyrst verið greidd með því að dregið var frá launum stefnanda sem starfsmanns Ísvár. Í febrúar 2002 hafi greiðslukomulag iðgjaldanna breyst að ósk Ísvár og í kjölfarið hafi stefnandi óskað eftir því við viðskiptabanka sinn að bankinn millifærði mánaðarlega fjárhæð iðgjaldsins á reikninga Ísvár, sbr. bréf stefnanda til bankans dagsett 14. febrúar 2002. Hafi Ísvá síðan átt að skila iðgjaldinu til váttryggjandans.

Í málinu liggja frammi tveir afreikningar, eins og þeir eru kallaðir, en þar er stefnandi tilgreindur sem verktaki og Ísvá verkkaupi. Er hér um að ræða yfirlit yfir sölubóknum annars vegar dagsett 31. ágúst 2001 vegna tímabilsins 3. ágúst 2001 til 6. september 2001 og hins vegar dagsett 30. nóvember 2001 vegna tímabilsins 16. nóvember 2001 til 11. desember 2001. Samkvæmt yfirlitum þessum eru dregnar frá greiðslum til stefnanda tryggingar að fjárhæð 2.525 krónur í hvort skipti. Af yfirliti yfir árshreyfingar stefnanda sem viðskiptamanns Ísvár má ráða að þessar

greiðslur séu þar tilgreindar, önnur með fyrrgreindri dagsetningu 30. nóvember 2001 en hin hins vegar 17. september 2001.

Hinn 7. febrúar 2002 gaf starfsmaður Ísvár út váttryggingarskírteini til stefnanda og er váttryggingartímabilið tilgreint 1. febrúar 2002 til 31. janúar 2003. Telur stefndi að starfsmaður Ísvár hafi gefið váttryggingarskírteinið út í heimildarleysi.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 15. nóvember 2002 var bú Ísvár tekið til gjaldþrotaskipta. Lýsti stefndi kröfu í þrotabúið 14. febrúar 2003 og fór fram á að þrotabúið innheimti ekki frekari iðgjöld vegna trygginga er Ísvá hafði undir höndum. Kveður stefndi að skiptastjóri hafi ekki farið eftir þessu heldur látið viðgangast að iðgjöld greiddust inn á bankareikning Ísvár hjá Búnaðarbanka Íslands, allt þar til stefndi krafðist þess að nýju að greiðslu þeirra væri hætt. Hinn 31. ágúst 2003 hafi skiptastjóri gefið Búnaðarbanka Íslands fyrirmæli um lokun reikningsins.

Samkvæmt yfirliti frá tölvudeild Búnaðarbanka Íslands voru millifærðar 2.525 krónur af reikningi stefnanda hjá bankanum inn á reikning Ísvár 5. desember 2002, 5. febrúar 2003, 5. mars 2003, 5. apríl 2003, 5. maí 2003, 5. júní 2003 og 5. júlí 2003. Yfirlit yfir reikning Ísvár hjá Búnaðarbanka Íslands sem nær yfir tímabilið 31. desember 2001 til 3. september 2003 virðist ekki vera alls kostar í samræmi við yfirlit tölvudeildarinnar, en þar má greina að stefnandi hefur greitt 2.525 krónur inn á reikning Ísvár, 16. desember 2002, 5. febrúar 2003, 15. júlí 2003 og 6. ágúst 2003.

Stefnandi fékk hjartaáfall 9. febrúar 2003 og gerði hinn 21. júlí 2003 kröfu á hendur stefnda um greiðslu bóta á grundvelli sjúkdómatryggingar sem hann taldi sig hafa keypt af stefnda fyrir milligöngu Ísvár. Lögmaður stefnda tilkynnti stefnanda með bréfi 10. september 2003 hann teldi váttryggingarsamning ekki vera fyrir hendi milli aðila og hafnaði greiðslu. Snýst meginágreiningur máls þessa um það hvort stefnandi var með gilda sjúkdómatryggingu hjá stefnda sem veiti honum rétt til greiðslu bóta vegna afleiðinga líkamstjóns sem hann varð fyrir í kjölfar hjartaáfallsins. Hinn 1. nóvember 2005 fékk stefnandi leyfi til gjafsóknar í málinu.

Stefnandi fékk Jónas Hallgrímsson lækni til að meta afleiðingar hjartaáfallsins á heilsu hans og liggur niðurstaða hans fyrir í matsgerð frá 1. febrúar 2006. Samkvæmt matsbeiðni var óskað eftir að matið yrði miðað við skilmála um sjúkra- og slysatryggingar Lloyd's. Segir í niðurstöðu matsins að samkvæmt skilgreiningum sjúkra- og slysatryggingarinnar sé sjúkleiki skilgreindur sem sjúkdómur sem váttryggður veikist af á váttryggingartímabilinu og valdi tímabundinni fullri örorku innan tólf mánaða frá því að sjúkdómurinn gerði fyrst

vart við sig. Varanleg örorka væri skilgreind sem örorka sem væri þess valdandi að váttryggður væri ófær um að stunda fasta atvinnu í allt að 12 mánuði og engar líkur væru á að þær aðstæður breyttust. Kemur fram í matinu að ástand stefnanda sé þannig í dag að hann sé algerlega óvinnufær og geti lítið annað en rétt haldið sér gangandi og að sinna þörfum daglegs lífs og hafi verið svo nær frá upphafi. Valdi minnsta áreynsla byrjandi hjartabilunareinkennum. Virðist framtíð stefnanda ekki björt nema að hjartaígræðsla takist vel en óvíst sé hvort að slíkri aðgerð komi eða hvernig hún muni takast. Þótt svo færi sé ólíklegt að stefnandi komist aftur til launaðra starfa. Er það niðurstaða matsmanns að tímabundin örorka hafi verið 100% í eitt ár frá hjartaáfallinu til 9. febrúar 2004 eða þar til 6 mánuðir voru liðnir frá hjartaaðgerðinni til 9. desember 2004 og er varanleg örorka stefnanda metin 90%.

### III

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á því að hann hafi, þegar hann fékk hjartaáfallið í febrúar 2003, haft gilda sjúkratryggingu hjá stefnda, sem hann hafi keypt í gegnum umboðsaðila stefnda, Ísvá. Hafi hann orðið fyrir tjóni á heilsu sinni sem tryggingin bæti. Mótmælir stefnandi þeirri afstöðu stefnda að kröfur sem rísa á grundvelli váttryggingarsamnings eftir 31. ágúst 2002 séu óskuldbindandi fyrir stefnda. Hafi stefnandi greitt af tryggingunni þegar hann veiktist og hafi honum ekki verið tilkynnt um niðurfellingu tryggingarinnar og því hafi hann haldið áfram að greiða fyrir trygginguna. Hafi hún því haft fullt gildi þegar stefnandi veiktist.

Þá bendi stefnandi á að þegar hann hafi sumarið 2002 sótt um dagpeninga úr tryggingunni hafi því verið hafnað þar sem sjúkdómurinn, sem sótt var um dagpeninga fyrir í það sinn, hafi ekki fallið undir trygginguna, en ekki vegna þess að ekki væri gild trygging fyrir hendi.

Í 12. gr. váttryggingarskilmálanna segi að váttryggingin taki gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hafi samþykkt váttryggingarbeiðnina. Þar sem engin skrifleg tilkynning hafi borist stefnanda um uppsögn váttryggingarinnar hafi hún haft fullt gildi enda endurnýist hún sjálfkrafa á 12 mánaða fresti nema um annað sé samið.

Kveður stefnandi að sú staðreynd að bú Ísvár, sem seldi stefnanda trygginguna, hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 15. nóvember 2002, breyti ekki réttarstöðu stefnanda enda verði kröfum samkvæmt váttryggingarskilmálum beint að stefnda.

Samkvæmt framansögðu hafi verið í gildi sjúkra- og slysatrygging hjá stefnda sem tryggir honum bæði dagpeninga og örorkubætur vegna afleiðinga hjartaáfallsins 9. febrúar 2003. Taki krafa stefnanda mið af matsgerð Jónasar Hallgrímssonar dagsettri 1. febrúar 2003. Samkvæmt tryggingarskírteini (tilboði) séu greiddar

15.000.000 króna fyrir 100% örorku vegna sjúkdóms og dagpeningar að fjárhæð 70.000 krónur á viku. Munur á aðal- og varakröfu felist í því að matsmaður komist að þeirri niðurstöðu í matsgerð að tímabundna örorku sé réttast að meta 100% þar til 6 mánuðir séu liðnir frá hjartaaðgerðinni til 9. desember 2004 og taki aðalkrafan mið af þeirri niðurstöðu, en í kröfugerð hafi verið tekið tillit til biðtíma sem séu tvær vikur án bóta eða samtals 95 vikur. Í varakröfu sé miðað við 50 vikur en í matsgerð sé komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði miðað við styttri tíma en eitt ár frá hjartaáfallinu við mat á tímabundnu tjóni.

Sundurliðist krafa stefnanda þannig:

-

-

Aðalkrafa:

Dagpeningar 95x70.000  
6.650.000

Sjúkraörorkubætur 90% af 15.000.000  
13.500.000

Samtals  
20.150.000

Varakrafa:

Dagpeningar 50x70.000  
3.500.000

Sjúkraörorkubætur 90% af 15.000.000  
13.500.000

Samtals

17.000.000

Stefnandi kveðst krefjast dráttarvaxta frá þingfestingardegi og taki varnarþing mið af skilmálum félagsins. Um ábyrgð stefnda vísar stefnandi til laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga auk almennra reglna íslensks váttryggingaréttar. Um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 einkum 1. mgr. 130. gr. laganna.

Stefndi byggir á því að í fylgibréfi með samningi stefnda við Ísvá komi fram að allar fyrirspurnir um hóprýggingar skuli senda til váttryggjandans til verðákvörðunar. Hugmyndir þær sem stefndi hafi sent til Ísvár um iðgjöld fyrir slysa- og sjúkratryggingu fyrir verktaka Ísvár hafi ekki verið í samræmi við iðgjöld samkvæmt fyrrgreindu fylgibréfi og því ekki unnt að beita samningnum um tryggingu er kynni að hafa komist á í framhaldi af tölvupóstinum. Þá hafi fjárhæð iðgjaldanna verið háð skilyrðum um tjónasögu og að ekki yrði tekin áhætta af sjúkdómum eða ástandi sem þegar væri fyrir hendi. Hafi ekkert orðið af því að váttryggingarsamningarnir hafi komist á þar sem stefndi hafi ekki heyrt frekar frá Ísvá eða verktökunum. Ekki hafi verið afmarkað milli stefnda og Ísvár hvaða skilyrði væru sett um tjónasögu og hafi Ísvá ekki látið stefnda í té neinar upplýsingar um tjónasögu einstakra verktaka eða tjónasögu sem kynni að hafa verið fyrir hendi samkvæmt eldri tryggingu fyrir verktakana. Ísvá hafi því ekki haft neina heimild til að gefa út váttryggingarskírteini á grundvelli verðhugmynda Kevin Boden, og því bindi slík útgáfa ekki stefnda.

Ef fallist verði á að Ísvá hafi haft umboð til að gera váttryggingarsamninga við starfsmennina sé um að ræða heimildarumboð skv. 18. gr. samningalaga nr. 7/1936. Þeir skilmálar sem Ísvá hafi látið stefnanda í té hafi falið í sér ráðstöfun sem ekki hafi rúmast innan takmarka umboðsins. Þetta eigi við um þá ráðstöfun að koma á samningi um sjálfkrafa endurnýjun tryggingarinnar á 12 mánaða fresti og einnig um þá ráðstöfun að geta í engu í váttryggingarskírteini um skilyrðin um tjónasögu og að ekki yrði tekin áhætta af sjúkdómum eða ástandi sem þegar væri fyrir hendi. Þar sem útgáfa skírteinisins hafi ekki rúmast innan takmarka umboðsins bindi það ekki stefnda.

Verði litið svo á að ekki sé um heimildarumboð að ræða hafi stefnanda sem sölumanni trygginga hlotið að vera ljóst að hann gæti ekki orðið aðili að váttryggingarsamningi við stefnda nema láta í té upplýsingar um heilsufar og tjónasögu eða váttryggingarverndin væri að öðrum kosti bundin skilyrðum. Stefndandi hafi því verið grandsamur um að Ísvá hafi farið út fyrir umboð sitt og sé því ekki um gildan samning að ræða.

Verði talið að gildur váttryggingarsamningur hafi stofnast milli stefnanda og stefnda sé ljóst að hann hafi ekki verið í gildi milli aðila er stefndandi veiktist hinn 9. febrúar 2003. Ekki sé til að dreifa neinum samningi um gjalddaga eða afleiðingar vanskila og beri því að beita ákvæðum laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laganna hefði fyrsti gjalddagi iðgjalds samkvæmt hugsanlegum váttryggingarsamningi verið 7. febrúar 2002. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna hafi gjalddagi hvernar mánaðargreiðslu eftir það verið fyrsti dagur hvers mánaðar. Þegar váttryggingarskírteinið hafi verið gefið út hafi Ísvá dregið tvær mánaðargreiðslur af stefnanda. Dygðu þær aðeins til greiðslu á gjalddögum 7. febrúar og 1. mars 2002. Hinn 1. apríl 2002 hafi orðið vanskil á greiðslu iðgjaldsins. Samkvæmt 14. gr. laganna hafi hugsanlegri ábyrgð félagsins lokið 7.

apríl 2002 þar sem vika hafi verið liðin frá gjalddaga. Þar sem engin greiðsla hafi verið innt af hendi 1. júlí 2002 hafi hugsanlegur váttryggingarsamningur þá fallið úr gildi án uppsagnar samkvæmt 15. gr. laganna. Samkvæmt yfirliti Ísvár hjá Búnaðarbanka Íslands hafi stefnandi eingöngu greitt þrjár greiðslur inn á þann reikning. Greiðslur inn á reikninginn eftir að samningurinn féll úr gildi geti ekki skapað stefnanda rétt. Því síður geti greiðslur til þrotabús Ísvár skapað rétt til handa stefnanda.

Verði talið að hugsanlegur váttryggingarsamningur hefði haldið gildi sínu fram til 31. janúar 2003 sé ljóst að ákvæði sammingsins milli stefnda og Ísvár hafi ekki heimilað framlengingu váttryggingarsammingsins. Stefndi hafi ekki á neinn hátt skuldbundið sig til endurnýjunar hans. Hafi 8. grein sammingsins þvert á móti lagt þá sérstöku skyldu á Ísvá að tryggja afturköllun hvers konar endurnýjaðra samninga sem tækju gildi eftir að samningurinn rann út hinn 31. ágúst 2002.

Verði talið að stofnast hafi váttryggingarsamningur milli stefnanda og stefnda hafi stefndi ástæðu til að ætla að stefnandi hafi leynt atvikum um heilsufar sitt þannig að meta beri samninginn ógildan samkvæmt 4. eða 6. gr. laga nr. 20/1954. Stefndi hafi ástæðu til að ætla að stefnandi hafi verið farinn að finna fyrir einkennum hjartasjúkdómsins þegar váttryggingarskírteinið var gefið út. Þar sem stefnandi hafi sjálfur starfað við sölu trygginga hafi honum verið fullljóst að upplýsa bæri félagið um þessi atriði. Hafi stefndi óskað eftir læknisfræðilegum gögnum um heilsufar stefnanda en stefnandi hafi afturkallað heimild stefnda til aðgangs að læknisfræðilegum gögnum. Stefndi telji að slík afturköllun sé ekki gild eftir að krafa hafi verið gerð í tryggingar.

Ef niðurstaðan verði sú að hinn 9. febrúar 2003 hafi verið í gildi váttryggingarsamningur milli aðila sé ljóst að samkvæmt 1. gr. skilmála er Ísvá hafi afhent tryggingartökum trygginga stefnda skyldu bætur vegna varanlegrar örorku dragast frá bótum vegna tímabundinnar örorku. Skilmálar sem sagðir séu gilda frá 15. mars 2001 séu ekki þeir réttu en í því skjali hafi verið fjarlægð lokamálsgrein 1. gr. um frádrátt bóta vegna tímabundinnar örorku frá bótum vegna varanlegrar örorku. Samkvæmt því eigi stefnandi ekki rétt á bótum fyrir tímabundna örorku samhliða rétti á skaðabótum fyrir varanlega örorku. Þetta hafi stefnanda átt að vera kunnugt sem sölumanni váttrygginga Ísvár.

Þá mótmæli stefndi fjárhæð aðalkröfu. Gert sé ráð fyrir tímabundinni örorku í 21 mánuð en sá tími samsvari 90 vikum. Þar sem biðtími sé í mesta lagi tvær vikur beri aðeins að greiða dagpeninga fyrir 88 vikur. Varðandi örorkumat stefnanda telji stefndi að sjúkdómsástand stefnanda hafi ekki verið fyllilega skýrt, en meðferðarlæknir hans hafi upplýst að rannsóknarniðurstöður væru misvísandi. Engin læknisfræðileg gögn um stefnanda liggi fyrir utan eins vottorðs meðferðarlæknis stefnanda. Þá hafi matsmaður ekki lagt sjálfstætt mat á varanlega

örorku stefnanda heldur reitt sig á mat meðferðarlæknis stefnda.

Þá sé skilyrði bótaskyldu samkvæmt tryggingunni að stefnda eða umboðsmanni hans sé tilkynnt skriflega um váttryggingaratburð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan 60 daga, sbr. 9. gr. váttryggingarskilmálanna. Bótaskylda stefnda falli niður hafi tilkynning ekki borist innan 120 daga frá tjónsdegi. Tjónstilkynning sé dagsett 21. júlí 2003 en þá hafi verið liðnir meira en 120 dagar frá tjónsatburðinum og bótaábyrgð stefnda þá fallin niður.

Verði stefnanda dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda sé dráttarvaxtakröfu mótmælt sérstaklega en í 8. gr. váttryggingarskilmálanna sé tiltekið að engin fjárhæð samkvæmt þeim beri vexti. Málskostnaðarkröfu sína byggir stefndi á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## V

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á því að stefnandi hafi samþykkt tilboð sem kom frá Gunnari Jóhannssyni, formanni starfsmannafélags Ísvár í tölvupósti hinn 10. júlí 2001 til stefnanda og annarra starfsmanna Ísvár. Í þeim tölvupósti kemur fram að tryggingaráðgjafar Ísvár njóti sérkjara á persónu tryggingum. Hafi þeir fengið sérkjör á sjúkra- og slysatryggingu í gegnum JLT og hljóði tilboðið upp á 15.000.000 króna vegna dánarbóta, slysaörorkubóta og sjúkraörorkubóta. Þá séu dagpeningar 70.000 krónur á viku. Bótatími 2 ár og biðtími 2 vikur. Iðgjaldið var 30.300 krónur á ári eða 2.525 krónur á mánuði. Eru hlutaðeigandi hvattir til að taka tilboðinu og kemur fram í tölvupóstinum að það eina sem gera þurfi sé að svara tölvupóstinum og þá verði iðgjaldið skuldfært í gegnum starfsmannafélag Ísvár, en það sé starfsmannafélagið sem tilboðið hafi fengið. Telur stefnandi að með því að svara framangreindum tölvupósti hafi komist á váttryggingarsamningur við stefnda um slysa- og sjúkrabætur, sem hafi verið í gildi þegar hann veiktist.

Framangreint tilboð virðist hafa verið sent í kjölfar svars þáverandi starfsmanns stefnda, Kevin Boden, við tölvupósti Sigurðar Halldórssonar starfsmanns Ísvár þar sem þess var farið á leit að gefnar yrðu upplýsingar um tryggingarskilmála ef um væri að ræða hóprzyggingu váttryggingasala hjá Ísvá meðal annars ef bætur samkvæmt sjúkra- og slysatryggingu væru með þeim hætti sem lýst er í fyrrgreindum tölvupósti formanns starfsmannafélags starfsmanna Ísvár til starfsmanna. Í tölvupóstinum segir Kevin Boden meðal annars að skilmálarnir sem verið er að fjalla um í tölvupóstinum séu háðir því að fyrirliggjandi tjónasaga og sjúkdómar falli utan tryggingarinnar. Stefndi kveður að ekkert hafi verið frekar aðhafst hvað þetta snerti og því hafi ekkert orðið úr því að umrædd hóprzygging kæmist á.

Ekki verður séð af gögnum málsins að á þessum tímapunkti hafi legið fyrir samningur milli Ísvár og stefnda um umboð til handa Ísvár til sölu persónutrygginga á Íslandi og liggja því ekki frammi haldbær gögn um að á þeim tíma sem stefnandi heldur fram að hann hafi keypt umrædda hóptryggingu, eða í ágúst 2001, hafi Ísvá haft heimild til að skuldbinda stefnda með samningi um sjúkra- og slysabætur. Hins vegar gerðu stefndi og Ísvá með sér samning í nóvember 2001, sem skyldi gilda frá 1. september 2001, og getur því trygging stefnanda ekki tekið til fyrri tíma en eftir það tímamark.

Stefndi kveður að allar fyrirspurnir um hóptryggingar skyldu samkvæmt samningi hans og Ísvár sendar til váttryggjandans til verðákvörðunar. Það gerði starfsmaður Ísvár og fékk svar frá starfsmanni stefnda, Kevin Boden, þar sem settar voru fram hugmyndir um iðgjöld. Telur stefndi að þær hugmyndir hafi ekki verið í samræmi við iðgjöld samkvæmt fylgibréfi samningsins milli stefnda og Ísvár og því hafi ekki verið unnt að beita samningnum um tryggingar sem kynnu að hafa komist á í framhaldinu. Þá hafi fjárhæðirnar verið háðar skilyrðum um tjónasögu og fyrri sjúkdóma þess tryggða.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að framangreindar hugmyndir starfsmanns stefnda, Kevin Boden, hafi farið í bága við fylgiskjal með samningi stefnda og Ísvár. Hvað snertir tjónasögu og fyrri sjúkdóma þess tryggða kom fram hjá Kevin Boden hér fyrir dómi að þegar um sé að ræða hóptryggingar sé erfitt að fá útfyllt eyðublöð fyrir hvern einstakan aðila sem falli undir viðkomandi hóp og gera tillögur um hvern og einn einstakan. Nálgist þeir sem áhættumat framkvæmi þetta því með því að segja að tilboðið gildi ekki um tjón og veikindi sem séu fyrir hendi þegar tilboðið er gert. Þá kom fram hjá honum að við mat á verði tryggingar mæti hann áhættuna í samræmi við það starf sem viðkomandi hefði með höndum. Að því virtu sem nú hefur verið rakið þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á það með óyggjandi hætti að Ísvá hafi, með samningi um slíka hóptryggingu sem hér er til umfjöllunar, farið út fyrir umboð sitt og hafi því ekki haft heimild til útgáfu váttryggingarskírteinis. Verður stefndi að bera hallann af þeim sönnunarskortum. Það sem skiptir hins vegar máli hér er hvort slíkur váttryggingarsamningur var í gildi við stefnanda þegar hann veiktist í febrúar 2003.

Samkvæmt samningi Ísvár og stefnda og fylgibréfi með honum var Ísvá falið umboð stefnda til sölu persónutrygginga á Íslandi. Gildistími samningsins var til 31. ágúst 2002, en hann var svo framlengdur til 30. september 2002. Var samningi þessum sagt upp af hálfu stefnda miðað við 30. september 2002 og var uppsögnin móttækin af fyrirvarsmanni Ísvár.

Starfsmaður Ísvár gaf út váttryggingarskírteini fyrir sjúkra- og slysatryggingu til handa stefnanda 7. febrúar 2002. Samkvæmt því skírteini var Ísvá

vátryggingartaki, stefnandi vátryggður og vátryggjandi Lloyd's í London. Vátryggingarskírteinið er í samræmi við framangreint tilboð formanns starfsmannafélags starfsmanna Ísvár hvað snertir bótafjárhæð, dagpeninga og iðgjöld. Kemur þar og fram að vátryggingartímabil sé frá 1. febrúar 2002 til 31. janúar 2003. Ekki er öðrum haldbærum gögnum til að dreifa um samning aðila máls þessa og verður við það að miða að samningur þeirra hafi fyrst komist á hinn 1. febrúar 2002.

Í skírteini þessu kemur fram að um vátryggingu þessa gildi lög um vátryggingarsamninga, samningur milli vátryggingartaka og félagsins ásamt viðeigandi vátryggingarskilmálum. Er því augljóst að framangreindur samningur Ísvár og stefnda gildi um vátrygginguna, sbr. orðalagið „*samningur milli vátryggingartaka og félagsins*“.

Varðandi tilvísun í vátryggingarskírteininu um að um vátrygginguna gildi viðeigandi vátryggingarskilmálar þá er þess að geta að í málinu liggja frammi tvær gerðir af vátryggingarskilmálum, annars vegar skilmálar sjúkra- og slysatryggingar sem giltu frá 15. mars 2001 og hins vegar skilmálar sjúkra- og slysatryggingar sem giltu frá 27. nóvember 2001. Þessum vátryggingarskilmálum ber ekki saman að öllu leyti. Þykir ljóst að þeir skilmálar sem vísað er til í vátryggingarskírteininu séu þeir sem giltu frá 27. nóvember 2001 enda verður að ætla að þeir hafi leyst hina eldri af hólmi.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 12. gr. vátryggingarskilmála fyrir umrædda tryggingu segi að vátryggingin endurnýist sjálfkrafa á 12 mánaða fresti nema um annað sé samið og þar sem stefnanda hafi ekki borist skrifleg uppsögn hafi hún endurnýjast sjálfkrafa eftir 31. janúar 2003 og því verið í fullu gildi þegar hann veiktist.

Samkvæmt grein 7.1 í samningi Ísvár og stefnda hafði Ísvá frá og með 1. september 2002, frá 1. október 2002 vegna framlengingarinnar, enga heimild til að endurnýja, afturkalla, framlengja eða breyta skilmálum trygginga sem þá voru í gildi og samkvæmt 8. gr. samningsins bar Ísvá ábyrgð á að tryggja að vátryggjandinn, stefndi, væri ekki aðili að vátryggingarsamningnum sem gerðir væru eftir að samningurinn félli úr gildi. Er því ljóst að stefndi ber ekki ábyrgð á því að Ísvá gætti ekki að þessum skyldum sínum og var umræddur vátryggingarsamningur milli aðila því fallinn niður í síðasta lagi hinn 1. október 2002. Þá er ljóst að eftir að bú Ísvár var tekið til gjaldþrotaskipta 15. nóvember 2002 gat félagið ekki án aðkomu skiptastjóra orðið vátryggingartaki, svo sem félagið var tilgreint í vátryggingarskírteininu.

Gögn málsins vegna greiðslna stefnanda á iðgjöldum vegna þeirrar tryggingar sem um er deilt í máli þessu eru takmörkuð og misvísandi. Af þeim gögnum sem þó liggja fyrir verður ráðið að um var að ræða iðgjöld vegna þeirrar tryggingar. Einungis liggja fyrir gögn um greiðslur tveggja iðgjalda á árinu 2001, en það var áður en samningur komst á milli aðila máls þessa. Þá bera gögn málsins ekki með sér að neinar iðgjaldagreiðslur hafi borist frá stefnanda til Ísvár á árinu 2002 fyrr en í desember það ár en samkvæmt fyrrgreindri 12. gr. tryggingarskilmálanna fellur váttryggingarsamningur og bótaábyrgð stefnda niður sé iðgjald ógreitt 90 dögum eftir gjalddaga, sbr. og 15. gr. þágildandi laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Ef reiknað er með að fyrstu greiðslurnar sem inntar voru af hendi á árinu 2001 hafi verið nýttar til greiðslu fyrstu iðgjaldanna í febrúar og mars 2003 féll váttryggingarsamningurinn og þar með bótaskylda stefnda niður eigi síðar en í júlí 2002. Breyta greiðslur stefnanda á iðgjöldum í desember 2002 og á tímabilinu febrúar til ágúst 2003, eftir að bú Ísvár hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, engu þar um og leiða þær greiðslur ekki til þess að váttryggingarsamningurinn taki gildi á ný.

Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið er ljóst að stefnandi hafði ekki gildan váttryggingarsamning við stefnda þegar hann fékk hjartaáfall í febrúar 2003. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Að virtum atvikum málsins þykir þó rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda að fjárhæð 907.307 krónur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans sem þykir hæfilega ákveðin 800.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Stefán Geir Þórisson hrl. en af hálfu stefnda flutti málið Erla S. Árnadóttir hrl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndi, Impact Underwriting Limited, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Björns Ófeigssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, samtals að fjárhæð 907.307 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans að fjárhæð 800.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur.

Greta Baldursdóttir